



Síldarminjasafn Íslands ses  
Snorragata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530  
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

## Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2023

Enn fjölgaði safngestum Síldarminjasafnsins og árið 2023 sló öll fyrri met. Heildarfjöldi safngesta var tæplega 35.000 og fjölgaði um 18% frá fyrra ári. Hlutfall erlendra gesta hækkaði lítillega og var 72% og skipulagðar leiðsagnir um sýningar safnsins voru 554 auk þess sem 62 síldarsaltanir fóru fram á planinu við Róaldsbrakka. Þá heimsóttu 670 nemendur á öllum skólastigum Síldarminjasafnið í skipulögðum námsheimsóknum og íbúar Fjallabyggðar eru jafnframt tíðir gestir á safninu og voru um 640 á árinu.

Í upphafi árs voru fastráðnir starfsmenn við safnið fjórir, í jafnmörgum stöðugildum; Anita Elefsen, Edda Björk Jónsdóttir, Inga Þórunn Waage og Daníel Pétur Daníelsson. Inga Þórunn sagði upp störfum um mitt ár og hélt til nýrra verkefna. Hildur Örlygsdóttir var ráðin í hálfstarf til fjölbreyttra verkefna, bæði til gestamóttöku, skráningarverkefna og ljósmyndunar. Að auki voru ráðnir til starfa tíu sumarstarfsmenn sem önnuðust flestir almenna gestamóttöku, safngæslu, þrif, leiðsagnir og þjónustu við safngesti, að auki sinnti einn viðhaldi og öðrum tilfallandi verkefnum og bátasmiður sinnti sumarstarfi við Slippinn. Starfsmannahópurinn var einstaklega samheldinn og tókst á við krefjandi daga með bros á vör og með lausnamiðuðum hætti.

Starfsfólk Síldarminjasafnsins tók þátt í ýmsum ráðstefnum, málþingum, námskeiðum og samvinnuverkefnum á árinu, en mikil áhersla er lögð á símenntun starfsmanna og fjölbreytta möguleika til að auka við þekkingu sem og að miðla þeirri reynslu og þekkingu sem safnið og starfsfólk þess býr yfir. Í því sambandi má nefna þriggja daga námskeið í varðveislu tækjiminna en þar var kennsla í höndum forvarðarins Chris Knapp sem lengi starfaði sem yfirmaður forvörsludeildar hjá Imperial War Museum í Duxford á Englandi. Í kjölfarið sat safnstjóri námskeið hjá Vinnueftirlitinu í meðferð asbests, og öðlaðist réttindi til vinnu við niðurrif á asbesti – en í safnkostinum eru allmörg dæmi um asbest sem þarf að meðhöndla. Á vordögum fór safnstjóri til Stokkhólms til að heimsækja þar bátasmiðaskóla og kynnast því hvernig Svíar standa vörð um verkþekkingu við smíði tréskipa- og báta. Edda Björk flutti erindi á málþingi sem haldið var í Þjóðminjasafni Íslands í tilefni Alþjóðlega safnadagsins um samfélagslegt hlutverk safnsins og samvinnu við eldri borgara um greiningu ljósmynda. Anita flutti erindi á málþingi um söfn og ferðaþjónustu sem fram fór í Reykjavík í desember og var skipulagt af hálfu FÍSOS, SAF og safnafræðideild Háskóla Íslands. Starfsfólk safnsins sótti árlegan Farskóla safnmanna á haustdögum sem í þetta sinnið fór fram í Amsterdam. Þá er Síldarminjasafnið enn virkur þátttakandi í evrópuverkefninu „Endurreisn Liechtenstein bruggverk-smiðjunnar í Kostelec nad Černými lesy“ sem felst í endurgerð upprunalegs tækjabúnaðar og uppsetningar, hönnunar og opunar á bruggsafni í Kostelec nad Černýmilesy í Tékklandi. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði EES og hófst formlega þann 15. apríl 2021 og er áætlað að því ljúki árið 2024. Á vordögum héldu þær Anita og Edda til Tékklands og fluttu þar erindi á ráðstefnu um varðveislu forns handverks, og lögðu í erindum sínum áherslu á bátasmiði og síldarsöltun. Jafnframt skipulagði starfsfólk safnsins nokkurra daga dagsskrá fyrir hóp frá Tékklandi í vettvangsferð til Siglufjarðar í sumarbyrjun.

Tekið var á móti góðum gestum sem vildu kynna sér stafsemi safnsins. Snemmsumars var tekið á móti hópi manna frá Færeyjum, sem komu hingað til lands til þess eins að heimsækja Síldarminjasafnið og fá upplýsingar um uppbyggingu þess, sýningarhönnun og rekstur. Hópurinn vinnur að uppbyggingu sjóminjasafns í Miðvági í Færeyjum. Um miðjan júlímánuð komu framleiðendur þáttanna *Rick Steves' Europe* í heimsókn, en Rick Steves hefur um árabil verið þekktur þáttarstjórnandi og höfundur ferðahandbóka. Þættir hans eru gríðarlega vinsælir í Bandaríkjunum og það verður vafalaust afar góð kynning á safninu í þáttunum. Í ágúst mánuði kom háttvirtur sjeik frá Barein í opinbera heimsókn á Síldarminjasafnið. Shaikh Khalifa bin Ahmed Al Khalifa er forseti menningar- og fornminja í konungsríkinu Barein og lagði hann leið sína til Íslands til þess eins að heimsækja Síldarminjasafnið.

Árlegt Bátasmíðanámskeið fór fram í Gamla Slippnum í septemberlok þar sem unnið var að viðgerð og nýsmíði súðbyrtra báta. Námskeiðið var mjög vel sótt og komust færri að en vildu.

Viðburðahald var afar fjölbreytt á árinu. Eins og fram hefur komið fóru fram sextíu og tvær síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka en jafnframt má nefna að Síldarminjasafnið tók virkan þátt í Eyfirska safnateginum, Alþjóðlega safnateginum, Trilludögum og Síldarævintýri. Eins og hefð hefur skapast fyrir fóru tónleikar Þjóðlagahátíðar að hluta fram í húsakynnum safnsins, bæði í Bátahúsinu og Gránu. Fleiri tónleikar fóru fram í Bátahúsinu: Edda Björk & Ástarpungarnir í maí, Tékkneski oktettinn HLASKontraBAS í ágúst og Southland Choir frá Ástralíu í september að ógleymdum jólatónleikum Síldarminjasafnsins í desember. Hvað aðra viðburði snertir má nefna mikla hátíð í júlímánuði í tengslum við vígslu minnisvarða um síldarstúlkur. Á vígsludegi stóð Síldarminjasafnið fyrir vönduðu málþingi um síldarstúlkur og þátt þeirra í sögu þjóðarinnar auk þess sem boðið var upp á síldarsöltun og bryggjuball að vígsluhátíðinni lokinni. Á haustdögum var ákveðið að taka þátt í því að fagna hrekkjavöku, sem færst hefur verulega í aukana hérlandis á undanförunum árum. Gestum og gangandi var boðið í Gránu sem hafði tekið á sig mynd draugaverksmiðju hvar draugar og afturgöngur höfðu hreiðrað um sig. Aðsókn fór fram úr björtustu vonum og ljóst að ástæða er til að endurtaka leikinn. Árlegar aðventuheimsóknir leik- og grunnskólabarna gengu vel og fóru í fyrsta sinn fram í Salthúsinu. Þá var eldri borgurum jafnframt boðið til samverustundar í Salthúsinu á aðventunni. Það er starfsfólki Síldarminjasafnsins mikið keppikefli að eiga í góðu sambandi við nærsamfélagið og er viðburðahald stór þáttur þess að tengjast og þjóna nærsamfélaginu enn frekar. Safnið er ekki síður fyrir heimafólk en gestkomandi, og með ólíkum viðburðum á öllum árstíðum hefur okkur tekist að hvetja heimafólk til endurtekinna heimsókna á safnið, sem er akkúrat markmiðið.

Skráning á safnkosti fór sem fyrr fram með skipulögðum hætti og lögð var megináhersla á þrjú afmörkuð verkefni:

- a) að ljúka við ljósmyndun og ítarskráningu allra gripa í Veiðarfæraverzlun Sigurðar Fanndal, í anddyri Bátahússins.
- b) ítarskráning og ljósmyndun allra gripa í súðarkompum Bátahúss.
- c) skráning á öllum listaverkum í safnkostinum. Samhliða þeirri vinnu voru listaverkin ljósmynduð, ástandsmetin með liðsinni málverkaforvarðar og komið fyrir til framtíðarvarðveislu í nýjum rekkum í Salthúsinu.

Ný aðföng bárust sem fyrr, allan ársins hring. Tölusettar voru 293 nýskráningar í aðfangabók, sem innihalda alls um 579 gripi. Nýskráningarnar taka bæði til nýrra aðfanga sem og áður óskráðra aðfanga úr safnkosti, bæði úr súðarkompum og Veiðarfæraverzlun. Að auki voru fjölmargir áður skráðir gripir, sem eingöngu voru skráði í aðfangabækur ítarskráðir í Sarp. Í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, voru skráðar 687 færslur, sem hver inniheldur eitt eða fleiri aðföng og eru nú um 4.200 aðföng frá Síldarminjasafninu skráð í kerfið. Að venju var skráningu ljósmynda sinnt skipulega og er samstarf við

eldri borgara staðarins þar lykilatriði. Þrjátíu og sjö myndasýningar voru haldnar á Skálarhlíð, dvalarheimili aldraðra á árinu og greindar voru um 2.330 ljósmyndir á árinu með hjálp eldri borgara.

Síldarminjasafnið hlaut á árinu Phoenix-verðlaun Félags bandarískra ferðarithöfunda (e. Society of American Travel Writers). Umrædd verðlaun voru fyrst veitt árið 1969 og því orðin rótgróin. Með þeim er veitt viðurkenning á sviði sögu, menningar og umhverfis og heiðraðir áfangastaðir sem sýna ábyrga, sjálfbæra ferðaþjónustu. Ferðarithöfundurinn Dale Ann Leatherman heimsótti safnið í júlí 2022 og tilnefndi það í kjölfarið til verðlaunanna. Hún sagðist vonast til þess að verðlaunin yrðu til þess að auka vitund fólks um sögulega áfangastaði og einstakt átak bæjar til að varðveita arfleifð sína. Verðlaunin eru sannarlega enn ein rósín í hnappagat Síldarminjasafnsins!

Framkvæmdum við Salthúsið miðaði vel á árinu. Stigi á milli hæða var sérsmíðaður og uppsettur fyrri hluta árs og þar með mikilvægum áfanga lokið. Á sumarmánuðum var smíðaður bryggjupallur utan við húsið sem telur nálægt 100 m<sup>2</sup>. Lokið var við að leggja allar pípulagnir í húsið og setja upp og tengja ofna í suðurhluta þess, en þar voru keyptir sérstakir *gamaldags* ofnar, sem henta húsinu vel. Brettarekkum var komið fyrir í varðveislurými á neðri hæð hússins og hafist handa við flutning safnkosts í rýmið sem og að tæma leigugám sem stendur aftan við húsið og hefur tímabundið geymt safnkost. Starfsfólk nýtti húsið með fjölbreyttum hætti á árinu; til skráningarvinnu, vinnu við safnkost og viðburðahalds.

Málefni tengd Njarðarskemmu í kjölfar mikilla vatnsflóða í nóvember 2022 lituðu starfsárið að einhverju leyti. Starfsfólk safnsins lagði gríðarlega vinnu í að pakka sýningunni og flytja hana til geymslu í leiguhúsnæði, en það verkefni var unnið í mikilli og góðri samvinnu við Gunnar Júlíusson. Illa hefur gengið að fá tjónið bætt; húseigendatrygging nær ekki yfir utanaðkomandi vatn og var því ekki hægt að leita tjónabóta hjá tryggingafélagi safnsins. Náttúruhamfaratrygging Íslands hafnar bótaskyldu sömuleiðis á þeim forsendum að umræddar aðstæður falli ekki undir skilgreiningu tryggingarinnar á *vatnsflóði*, en í slíkum tilfellum þyrfti árfarvegur að flæða yfir bakka sína. Þá var leitað til sveitarfélagsins sem hafði milligöngu um samskipti við Ofanflóðasjóð, en sýnt er að upptök vandans eru í fjallinu ofan bæjarins. Matsmenn Ofanflóðasjóðs komu norður um mitt sumar en því miður var safnstjóra eða öðrum forsvarsmönnum safnsins ekki boðið að hitta þá og fara yfir málavexti. Niðurstaða matsmanna var því miður byggð á ófullnægjandi og beinlínis röngum upplýsingum, t.a.m. um staðsetningu vatnstjónsins. Málinu er því enn ólokið, gripirnir af sýningunni enn í geymslu og engar viðgerðir hafnar á húsinu sjálfu.

Rekstur safnsins gekk sæmilega á árinu. Tekjur voru í takt við gestafjölda og hafa aldrei verið hærrí. Heildarvelta ársins nam 103 mkr. og hækkuðu tekjur af rekstri um rúm 16% eða 10 mkr. frá fyrra ári. Aftur á móti voru styrkir til verkefna lægri en árið 2022, sem útskýrist meðal annars af því að Öndvegisstyrkur safnaráðs til uppbyggingar Salthússins var fullgreiddur á árinu 2022 og kostnaður vegna framkvæmda var því að stærra leyti fyrir eigið fé. Rekstrarniðurstaða ársins 2023 var neikvæð um 3,5 mkr.

Siglufirði, 24. apríl 2024



Anita Elefsen, safnstjóri